



Reykjavík, 9. janúar 2025  
USK24120217

## Hólmgarður 2 – USK24120217 Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Lögð fram fyrirspurn Mörtu Thi Oanh Le, dags. 20. desember 2024, um leyfi fyrir þegar gerðu bílastæði á lóð nr. 2 við Hólmgarð.



Deiliskipulag

Aðalskipulag Reykjavíkur 2040  
Annað

### Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin og byggingin á Hólmgarði 2 borgarhluta 3 og er hluti af íbúðarsvæði

Deiliskipulag/ HverfisSKIPULAG: Í gildi er deiliskipulag fyrir Bústaðahverfi, samþykkt í borgarráði 14. desember 2006 ásamt síðari breytingum.

### Umsögn

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa vegna bílastæða innan lóðar við Hólmgarð 2.

Við Hólmgarð 2 er búið að koma fyrir bílastæði innan lóðar vestanmegin við húsið.

Í gildi er deiliskipulag fyrir Bústaðahverfi frá desember 2006. Þar kemur fram á uppdrætti að koma megi fyrir tveimur bílastæðum á viðkomandi lóð.

Heimild er því fyrir bílastæðunum skv. skipulagi. Sækja þarf um byggingarleyfi fyrir framkvæmdinni og skila inn uppfæðum lóðauppdráttum.





### **Niðurstaða**

- Ekki er gerð skipulagsleg athugasemd við erindið. Heimild fyrir bílastæðum er til staðar í gildandi deiliskipulagi fyrir Hólmgarð 2.

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfalli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.

### **f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur**

Britta Magdalena Ágústsdóttir  
verkefnastjóri

